


Skýrsla kennsluráðgjafa

skólaárið 2018-2019



Helga Hauksdóttir
Fræðslusviði Akureyrarbæjar
Júní 2019

Nýir nemendur haustið 2018

Nýir nemendur sem komu inn í grunnskólana í haust, nýfluttir til landsins voru flestir pólskir, að þessu sinni. Þeir fóru í Lundarskóla, Glerárskóla og Síðuskóla í 6. bekk, 7. bekk, 8. bekk og 10. bekk. Í Brekkuskóla kom einn nemandi frá Austurríki í 2. bekk. Í haust tóku skólarnir einnig á móti þó nokkrum nemendum sem höfðu dvalið hér áður, snúið heim og komið til baka, eða flutt í bæinn eftir nokkra dvöl í öðrum sveitarfélögum.

Fræðsla fyrir kennara

Dagana 6. og 7. september var Guðbrandur Árni Ísberg, sálfræðingur á Akureyri og þá buðum við upp á fræðslufund fyrir kennara. Guðbrandur var sérstaklega að tala um börn sem hafa orðið fyrir áföllum og hvernig kennarar geti brugðist við og aðstoðað. Þó að hann hefði flóttabörn og hælisleitendur sérstaklega í huga var auðvelt fyrir kennara að heimfæra orð hans á aðra nemendur, sem orðið hafa fyrir áföllum af einhverju tagi. Fundirnir voru vel sóttir og fjöldi þátttakenda um 60 manns, sem gerðu góðan róm af efnistöku Guðbrandar.

Jónas með hreim – dagur íslenskrar tungu

Á fundi nokkurra starfsmanna frá Háskólanum á Akureyri, fræðsluviði, Alþjóðastofu og Amtsbókasafninu var ákveðið að efna til ritlistarsamkeppni meðal nemenda sem hafa íslensku ekki sem sitt móðurmál. Upplýsingar um samkeppnina voru sendar til allra kennara grunnskólanna og var skilafrestur til 31. október. Alls bárust 19 ritverk frá 18 þátttakendum. Þessir 18 þátttakendur áttu rætur að rekja til ólíkra landa, eða Albaníu, Austurríkis, Bretlands, Indlands, Ítalíu, Lettlands, Póllands, Rúmeníu, Sýrlands, Tékklands og Þýskalands. Afhending

viðurkenninga fór fram í Amtsbókasafninu laugardaginn 17. nóvember.



Ánægður hópur nemenda

Allir fengu viðurkenningarskjal, bíómiða og ávísun á íslenska bók að eigin vali fyrir að senda inn góða og fjölbreytta texta. Aðalverðlaunin voru vetrarkort í Hlíðarfjall og önnur til þriðju verðlaun leikhúsmiðar á sýninguna Gallsteinar afa Gissa (sem var á fjöllum leikhússins eftir áramót). Sérstök verðlaun voru svo þátttaka í Vísindaskóla unga fólksins í HA núna síðari hluta júnímánaðar, fyrir tvo nemendur. Markmið þessa verkefnis var að hvetja börn og unglinga til að nota íslensku á skapandi hátt; að benda þeim á að íslenskan er ekki aðeins skólamál, heldur mál sagna, ljóða og leikrita; hver og einn notar málið eins og hann best getur og á fjölbreyttan hátt.

Verðlaunahafar komu frá 7. bekk Giljaskóla, 4. og 9. bekk Oddeyrarskóla, 5. bekk Naustaskóla og 7. bekk Brekkuskóla. Verðlaunahafar eiga rætur að rekja til Indlands, Tékklands, Lettlands, Þýskalands, Póllands og Sýrlands.



Höfundur verðlaunasögu les fyrir gesti

Alþjóðlegur dagur móðurmálsins

Alþjóðlegur dagur móðurmálsins hefur verið haldinn hátíðlegur allt frá árinu 1999. Að þessu sinni minnti Amtsbókasafnið á daginn og bauð upp á bókaskipti á bókum á erlendum tungumálum. Tungumál voru kynnt, bæði talmál og framburður og ritun. Í byrjun febrúar sendi ég einnig póst til allra kennara, þar sem minnt var á daginn og settar fram hugmyndir, bæði til umræðu og vinnu með nemendum. Nokkrar myndir frá heimsókn minni á Amtsbókasafnið þennan dag: https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2019/02/Amtsbokasafn_21.02.2019.pdf

Aðlögun námsefnis

Aðlögun námsefnis er einn þáttur sem kennarar með erlenda nemendur kalla eftir. Aðlögun felur oftast í sér einföldun á texta námsbókanna; að draga út aðalatriði, hugtakaskýringar og hugsanlega útdrátt á ensku. Alltaf er af nógu að taka en val á námsefni fer nær alltaf eftir aðkallandi þörf á hverjum tíma og hvar mestur fjöldi nemenda er staddur sem getur nýtt sér vinnuna. Í vetur var mest vinna við bókina **Sögueyjan, 2. hefti** sem víða er kennd í 7. bekk.

Akureyri og fjölmenningsstefna Eypings

Að beiðni bæjarstjóra tókum við Zane Brikovsaka hjá Alþjóðastofu að okkur að skoða fjölmenningsstefnu Eypings frá árinu 2017 og bera hana saman við stöðu Akureyrarbæjar í fjölmenningsmálum í dag. Þessu verkefni var lokið í byrjun nóvember og þann 22. nóvember mættum við á fund með bæjarráði til umræðna um fjölmenningsstefnu og þætti sem við þurfum sérstaklega að bæta og laga til hagsbóta fyrir erlenda íbúa bæjarins.

Kennsla móðurmáls nemenda

Eins og á síðasta skólaári héldu foreldrar sýrlenskra barna uppi kennslu í arabísku einu sinni í viku. Hópnum var tvískipt eftir aldri. Kennt var í einum grunnskóla bæjarins á sunnudögum. Einnig var boðið upp á pólskukennslu í einum skóla bæjarins á laugardögum. Þar voru nemendur liðlega 30 talsins og var þeim skipt í minni hópa eftir aldri og getu. Nokkrir nemendur sem eiga pólskar rætur en kunnu mjög lítið í tungumálinu fengu sérstaka kennslu í þriggja manna hópi.

Þýðingar

Samþykki vegna persónuverndar og trúnaðaryfirlýsing skólanna. Ný form til útfyllingar fyrir foreldra voru þýdd á ensku og pólsku og var því verkefni lokið í nóvember. Þessar þýðingar voru gerðar þannig að bæði leik- og grunnskólar geta notað þær með sínum foreldrahópi og var þeim dreift til allra hlutaðeigandi. https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/11/Truunadaryfirlýsing_Ak_enska_2018.pdf

Viðtal í Skólavörðunni

Í lok febrúar kom Arndís Þorgeirsdóttir, sviðsstjóri upplýsinga- og kynningarsviðs KÍ í heimsókn í Glerárgötu 26 og tók við mig viðtal sem birtist í 1. tbl. Skólavörðunnar sem kom út um mánaðamót apríl/maí sl. Blaðið er einnig á rafrænu formi, sjá hér: http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolavardan/2017/Sklavaran_1tbl_2019_web.pdf

Umræðuefnið var vinna mín með erlendum nemendum og helstu verkefni, kennsluhættir o.fl.

Erlendar konur í starfi við hæfi

Háskólinn á Akureyri, Alþjóðastofa, Vinnumálastofnun, Jafnréttisstofa og Símei sóttu um styrk til að styðja erlendar konur til atvinnu sem hæfir reynslu þeirra og menntun. Leitað var til fræðsluviðs um aðstoð og þann 14. janúar 2019 hófst verkefnið af okkar hálfu. Við aðstoðuðum eina konu sem fór í Glerárskóla og sinnti þar kennslu nemenda með íslensku sem annað mál, í 50% stöðu í þrjá mánuði. Þetta var ánægjulegt verkefni sem gekk vel. Nemendur og kennarar skólans nutu góðs af þekkingu og reynslu viðkomandi, sem á móti fékk tækifæri til að kynna kennslu og starfi í íslenskum grunnskóla. Mikilvægur mannauður felst í menntun og

reynslu erlendra íbúa okkar, sem oft er vannýttur. Þetta verkefni er mikilvægt skref til að opna dyr og benda á

möguleika sem vert er fyrir stjórnendur að huga að í ráðningarmálum.



Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin var haldin í MA miðvikudaginn 20. mars. Að þessu sinni var erlendur nemandi beðinn um að flytja ljóð á móðurmáli sínu. Það var nemandi frá Sýrlandi sem las fyrir okkur ljóðið *Rödd næturgalans* eftir Al Asmaie. Al Asmaie var fæddur árið 720 í Írak og var málfræðingur, heimspekingur og skáld. Upplestrinum var vel fagnað af öllum viðstöddum, enda full ástæða til.



Nemandi í 7. bekk flytur ljóð á arabísku

Starfsdagur kennsluráðgjafa

Félag kennsluráðgjafa er fagfélag kennsluráðgjafa um allt land. Síðustu ár hefur stjórn félagsins skipulagt árlegan starfsdag, þar sem boðið er upp á ýmsa fræðslu og aðalfundur félagsins er haldinn. Nú var starfsdagurinn í fyrsta sinn haldinn norðan heiða, hér á Akureyri, föstudaginn 29. mars. Yfir tuttugu kennsluráðgjafar sóttu okkur heim og var góður rómur gerður að dagskránni og þeim heimsóknum sem við fórum í. Nánara skipulag fylgir með í fylgiskjölum aftast í skýrslunni.

Námskeið í menningarnæmi- og færni Þann 27. mars stóð félagsmálaráðuneytið fyrir námskeiði í menningarnæmi- og færni í samvinnu við Flóttamannaráð Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Námskeiðið var haldið í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði. Námskeiðið var ætlað starfsfólki sveitarfélaga, sem í starfi sínu er í samskiptum við erlenda íbúa, s.s. innan skólakerfis, heilsugæslu, félagsmála, lögreglu o.s.frv.

Fyrirlesarar komu frá Svíþjóð, Ítalíu, Portúgal og Bretlandi. Í máli sínu lögðu þeir m.a. áherslu á muninn á hugtökunum „multicultural“ og „intercultural“, sem kristallast í þátttöku erlendra íbúa í daglegu lífi samfélagsins, án þess að blásið sé til

sérstaks átaks, fjölmenningslegra daga eða hátíða.

Það sem var mest framandi í málflutningi þeirra var lýsing á samstarfi lögreglu í Lissabon við íbúa hverfa þar sem margir innflytjendur búa; það að byggja upp traust, útskýra störf og hlutverk lögreglu, hvernig hún geti aðstoðað fólk og hvernig íbúar geti unnið með lögreglu í störfum hennar. Áhugaverð nálgun á mikilvægu og flóknu verkefni stórborgar.

Málþing á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Rannsóknarstofu í fjölmenningsfræðum við HÍ

Föstudaginn 5. apríl var haldið málþing við Menntavísindasvið HÍ þar sem áhersla var á samstarf við grunnskólaforeldra með annað móðurmál en íslensku. Þar voru flutt fimm erindi sem öll fjölluðu um samstarf skóla við foreldra erlendra nemenda. Þar var bæði fjallað um hvernig foreldrar gætu stutt við móðurmál barna sinna til að stuðla að virku tvítýngi þeirra, upplifun foreldra af upphafi skólagöngu í íslenskum skólum og um leiðir kennara til að hafa samskipti við erlenda foreldra. „Rætur og vængir“ eru hugtök sem gott er að hafa í huga, þegar bæði er nauðsynlegt að styrkja rætur uppruna, tungumáls, menningar og fjölskyldu á sama tíma og þarf að læra nýtt tungumál, verða þátttakandi í nýrri menningu og hnýta ný vináttubönd. Meðal annars var komið inn á túlkupjónustu skólanna og skyldu okkar til að koma upplýsingum á framfæri án hættu á misskilningi. Þó að foreldrar kunni íslensku að því marki að eiga einföld, dagleg samskipti þurfa þeir oft á túlkupjónustu að halda, þegar orðaforði verður sérhæfðari, kennarar segja frá niðurstöðum greininga eða ræða um líðan og ástundun í skólanum. Ég var mjög ánægð að heyra að fólk virtist

yfirleitt á þeirri skoðun að börn eiga að njóta vafans og okkur ber skylda til að útvega túlka í samskiptum þegar á þarf að halda eða foreldrar óska eftir því.

Umræður um kennslu erlendra nemenda - Ársfundur Grunns á Siglufirði

Ársfundur Grunns var haldinn á Siglufirði dagana 6.-8. maí. Í upphafi fundar var rætt um menntun í fjölmenningslegu samfélagi. Þar fjallaði Þórdís Helga Ólafsdóttir sérstaklega um máltöku annars máls og tvítýngi. Hvernig það er sjaldnast þannig að einstaklingur búi að jafnri hæfni í báðum (eða fleiri) tungumálum og að annað málið sé oftast ríkjandi. Hún minnti á að nauðsynlegt er að taka tillit til þess að orðaforði er lengur að byggjast upp hjá tvítýngdum einstaklingum, sem safna orðaforða á tveimur ólíkum tungumálum.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Hrund Harðardóttir sögðu frá samstarfsverkefni þriggja sveitarfélaga, Árborgar, Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar um þýðingu á sænsku efni frá 2016 til þess að meta færni erlendra nemenda á móðurmáli sínu. Reynt er að meta stöðu nemenda til þess að geta betur áttað sig á þeim kröfum sem hægt er að gera til þeirra í nýju tungumáli. Í efninu er farið í gegnum þrjú stig:

1. Fyrri þekking og reynsla er metin
2. Mat á læsi og talnaskilningi
3. Kunnátta í faggreinum metin

Stefnt er að því að þýðingu verði lokið á haustönn 2019 og þá verði hægt að kynna efnið og tilraunanota það. Sveitarfélögin þrjú eru aðeins að byrja að leggja matið fyrir og segja það lofa góðu.

Þær lögðu einnig áherslu á teymisvinnu innan skólanna til þess að deila þekkingu, fá stuðning og skipta verkum á milli kennara.

Nánar um þetta sænska efni:

<https://www.skolverket.se/undervisning/kallsidor/kartlaggningsmaterial-for-nyanlanda-elever>

Fjöldatölur

Hagstofa Íslands heldur utan um ýmsar tölulegar upplýsingar í Þjóðfélaginu. Á vef þeirra má m.a. finna upplýsingar um grunnskólanemendur með erlent móðurmál á árabílinu frá 1997-2018. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_2_grunnskolas_tig_0_gsNemendur/SKO02103.px

Ég hef tekið saman tölur frá árunum 1998, 2008 og 2018 til að sjá þróun á tuttugu ára tímabili. Það sem þar kemur m.a. fram, er fjölgun erlendra nemenda á suðvesturhorni landsins og samsvarandi fækkun á landsbyggðinni. Einnig kemur fram hvað erlendum nemendum hefur fjölgað mikið á tuttugu ára tímabili. Sem dæmi má nefna að árið 1998 voru nemendur með pólskt móðurmál samtals 53 en árið 2018 voru þeir 1.723. Það var árið 2002 sem pólskir nemendur urðu í fyrsta sinn fjölmennasti hópur erlendra nemenda á Íslandi og fara fram úr fjölda þeirra nemenda sem eru skráðir með ensku sem móðurmál.



Á sama tímabili hefur erlendum nemendum fjölgað frá því að vera 1,76% grunnskólanema árið 1998 í að vera 10,6% árið 2018. Nánari samantekt á þessum

upplýsingum er í fylgiskjöllum hér í lok skýrslunnar.

Fjöldatölur á Akureyri

Á vorönn þessa skólaárs voru nemendur af erlendu bergi brotnir alls 231 í grunnskólum bæjarins. Pólskir nemendur eru þeirra fjölmennastir eða alls 45 nemendur. Næstir í fjölda eru nemendur sem tala ensku og tailensku. Hafa þeir í huga þegar slíkar tölur eru skoðaðar að ekki er lagt mat á ríkjandi tungumál tvítýngds einstaklings, heldur eru þetta allir þeir nemendur sem eiga annað eða báða foreldra erlenda.

Eins og áður er mestur fjöldi erlendra nemenda í Oddeyrarskóla, eða alls um 23,4% nemendafjölda skólans. Í fyrra var hlutfallið í Oddeyrarskóla 17%. Eins og áður er það Giljaskóli sem hefur lægsta hlutfall erlendra nemenda, eða um 3% en það er nær eins og á skólaárinu 2017-2018. Af heildar nemendafjölda bæjarins eru nemendur með annað móðurmál en íslensku 8,5%.

Þegar skoðaðar eru upplýsingar um hvern skóla fyrir sig kemur ýmislegt á óvart. Til dæmis eru engir pólskir nemendur í Brekkuskóla, þó að þeir séu langfjölmennastir erlendra nemenda í bænum. Á sama hátt eru nemendur sem eiga annað eða báða foreldra frá Tailandi langflestir í Oddeyrarskóla.

Af nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku eru 58,4% fæddir á Íslandi og hafa búið þar alla ævi.

Af nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga 49% báða foreldra erlenda. Alls eiga því 51% nemenda annað foreldri sitt íslenskt. Ekki er lagt mat á hvort tungumálið er virkara hjá barninu,

Íslenskan eða erlenda tungumálið.
Sjá nánar um fjöldataölur í fylgiskjölum.

Hvað segja foreldrar?

Eftir að skóla lauk núna í vor fékk ég Hjörleif í lið með mér til að senda út stutta, rafræna könnun til foreldra erlendra nemenda. Ég ákvað að hafa þessa fyrstu tilraun þannig að spyrja þá foreldra sem voru að flytja til landsins/bæjarins með börnum sínum síðasta haust og hafa þá aðeins reynslu af einum vetri, sem mörgum finnst erfiður á margan hátt. Þetta voru fjórar fjölskyldur fimm barna. Könnunin var send út bæði á ensku og pólsku. Þrjú af þessum fjórum svöruðu spurningunum sem eru í fylgiskjali í lok skýrslu.

Í opnum spurningum voru þátttakendur beðnir um að segja frá því sem þeir væru ánægðir með og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara.

Eitt svar var á þá leið að móttökur hefðu verið eins og best væri á kosið og foreldri gæti ekki ímyndað sér neitt sem hefði mátt gera betur í móttöku fjölskyldunnar eða skólagöngu barnsins.

Einnig sögðust foreldrar hafa fundið vel fyrir vilja kennara og skóla til að gera vel og viðhorf kennara hefðu hjálpað fjölskyldunni mikið í gegnum erfitt ár. Þó þyrftu kennarar að muna að stundum segðist nemandi skilja, þó svo að sú væri ekki raunin. Einnig þyrfti að passa að barn þekkti allar reglur, bæði innan og utan skólastofunnar, t.d. í matsal.

Ábending kom um að nauðsynlegt væri að biðja eitthvert foreldri í bekknum að koma nýjum erlendum foreldrum inn í „face-book“ hóp foreldra, þar sem færu fram boð í afmæli o.fl. en viðkomandi sagði að í sínu

heimalandi væri „face-book“ ekki eins mikið notaður miðill og á Íslandi og kom viðkomandi foreldri mjög á óvart.



Fróðleiksmolinn

Í fjölmennigarlegu **samfélagi** eru trúarhátíðir ekki af sama toga, né á sama tíma hjá nemendum og fjölskyldum þeirra. Á skólaárinu 2018 – 2019 hófst ramadan, föstumánuður muslima þann 5. maí og endaði þann 4. júní með hátíðisdeginum Eid-al-Fitr. Orðið **Eid** þýðir hátíð og orðið **Fitr** merkir „að brjóta“ og síðasta dag ramadan er hátíð þess að fastan er rofin og það er dagurinn til að láta af öllum slæmum siðum og venjum.

Í ramadan fastar fólk frá sólarupprás til sólarlags. Börn fasta ekki, ekki ófrískar konur eða þær sem eru með barn á brjósti, þeir sem eru á ferðalögum, né þeir sem eru veikburða eða aldraðir. Hægt er að gera einstakar undantekningar frá föstu, t.d. getur íþróttafólk sem er í strangri þjálfun fyrir mót haft undanþágu frá föstu – en þá er ætlast til að viðkomandi fasti síðar í staðinn. Það er ungu fólki svolítið í sjálfsveld sett hvenær það byrjar að fasta. Margir byrja föstur um 15 -16 ára aldur. Þegar ramadan ber upp á sumarmánuðina, t.d. á Íslandi, þar sem sólargangurinn er mjög langur, miðar fólk föstutímamann við sólarganginn í Mekka, þar sem óraunhæft er að fasta meiri hluta sólarhringsins. Í ramadan er sérstök áhersla lögð á trúarlega þætti eins og bænahald, lestur Kóransins og að gefa til þeirra sem minna hafa.

Samantekt

Hér að framan hef ég gert grein fyrir helstu verkefnum og starfi mínu skólaárið 2018-2019. Eins og áður hef ég líka tekið að mér kennslu eldri nemenda sem eru nýkomnir til landsins og eru að læra grunnþætti íslenskunnar. Í vetur var ég með kennslu fjóra tíma á viku í 10. bekk Lundarskóla, þrjá tíma í 6./8. bekk Glerárskóla og 1.5 tíma í 7. bekk Síðuskóla. Auk þess hitti ég nemanda í 10. bekk Brekkuskóla alltaf einu sinni í viku og var einnig með kennslu þar hjá 7. bekkjum þar á vorönn, þar sem sjónum var sérstaklega beint að samtali og tjáningu og fræðslu um náttúru, sögu og menningu í kringum okkur. Þá fór ég líka heim til tveggja nemenda tvisvar í viku og aðstoðaði við heimalestur stærsta hluta vetrarins. Á haustönn hitti ég kennara á yngra stigi Naustaskóla reglulega og sömuleiðis á vorönn í Síðuskóla. Utan bæjarmarka hef ég verið í tengslum við kennara Þelamerkurskóla sem hafa fengið erlenda nemendur í skólann sinn.

Eins og áður hef ég reynt að koma nýjum upplýsingum og verkefnum inn á vefinn <http://erlendir.akmennt.is> Ég hef hins vegar ekki verið að senda fréttabréf þetta skólaár, þar sem ég hef haft á tilfinningunni að þau séu ekki mikið lesin og því ekki lagt vinnu í þau.

Að öðru leyti er skipulag mitt og vinna sveigjanleg. Kennarar geta haft samband alltaf þegar þeir vilja og þá reyni ég að bregðast við óskum þeirra hverju sinni.

Til umhugsunar í lok skólaárs


Hægt er að líta á hvert skólaár sem verkefni með upphaf og endi – eða eins og einn kafla í bók. Þess vegna er gott að skoða hvað hafi gerst þetta skólaárið og jafnvel nokkur ár

þar á undan. En við þurfum líka að spyrja okkur að því hvað muni gerast í næsta kafla bókarinnar og hvaða áhrif við viljum hafa á þá kafla sem enn hafa ekki verið skrifaðir og hvaða þróun við viljum sjá.

Ég held að nauðsynlegt sé að styrkja innri þekkingu skólanna í vinnu með erlendum nemendum enn meir og að hver skóli hafi teymi sem sjái sérstaklega um málefni erlendra nemenda. Verkefnastjóri eða kennari með sveigjanlegan fjölda kennslustunda gæti t.d. verið leið sem kæmi til greina.

Eins og staða okkar er í dag er kennsluráðgjafi fræðsluviðs í 47,5% starfsfhlutfalli. Þar með á þessi málaflökkur um 52% stöðuhlutfall ónýtt, ef við viljum halda stöðunni eins og hún hefur verið síðustu ár. Mér finnst mjög nauðsynlegt að við drögum ekki úr þjónustu, heldur aukum frekar við eins og hægt er. Nú gefst tækifæri til að skoða leiðir og hugleiða hvernig við viljum sjá framhaldið í bænum og í einstökum skólum. Ég vildi gjarnan sjá fyrir mér verkefnastjóra í hverjum skóla sem héldi utan um erlenda nemendur og þannig gætum við myndað teymi í bænum sem ynni saman, skiptist á hugmyndum og vinnu til hagsbóta fyrir erlenda nemendur, fjölskyldur þeirra og alla kennarana okkar.

HH.



Fylgiskjöl

Fjöldatölur (unnar úr upplýsingum frá Hagstofu Íslands)

Í þremur töflum hér að neðan hef ég tekið saman tölulegar upplýsingar frá Hagstofu Íslands um breytingar sem orðið hafa í fjölda erlendra nemenda og búsetu þeirra 20 ára tímabili, eða árin 1998, 2008 og 2018. Eins og sjá má hafa miklar breytingar orðið á aðeins 20 árum, eða frá því að nemendur með erlent móðurmál voru aðeins 7,76% nemenda árið 1998 í að vera 10,6% árið 2018.

Einnig vekur athygli hvernig fjöldaskipting á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins hefur breyst á þessum árum en árið 1998 bjuggu 46,1% af nemendum með erlent tungumál á landsbyggðinni en árið 2018 er sú tala komin niður í 37,5%.

Í neðstu töflunni eru nokkur tungumál sem eru meðal algengstu móðurmála erlendra nemenda okkar. Þar má glögglega sjá þá miklu breytingu sem orðið hefur á 20 ára tímabili. Aðeins 53 nemendur höfðu pólsku að móðurmáli á landinu öllu árið 1998 en nú eru þeir 1.723. Aðeins einn nemandi hafði litháísku sem móðurmál árið 1998 en nú eru þeir orðnir 238.

Nemendur grunnskóla með erlent móðurmál á landinu öllu:

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri.

	Heildarfj. nem.	Nem. með annað móðurmál	%
1998	42.421	747	1.76
2008	43.511	2.069	4.75
2018	45.904	4.874	10.6


Skipting erlendra nemenda á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar:

	höfuðborgarsvæði	%	Utan höfuðborgarsvæðis	%
1998	403	53.9	344	46.1
2008	1.235	59.7	834	40.3
2018	3.046	62.5	1.828	37.5

Fjöldapróun í fjölmennustu tungumálum sem erlendir grunnskólanemendur tala:

	pólska	Filippeysk mál	enska	litháíska	Tail.	spænska	arabíska	þýska
1998	53	68	138	1	89	22	1	26
2008	633	178	154	94	129	84	33	49
2018	1.723	342	297	238	235	165	163	147

Fjöldatölur á Akureyri, skólaárið 2018-2019



Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum Akureyrar

Skólar	Heildarfjöldi nem.	Nem. með annað móðurmál en ísl.	Hlutfall af heildarfjölda
Brekkuskóli	506	44	8,7%
Giljaskóli	393	12	3,0%
Glerárskóli	328	28	8,5%
Grimseyjarskóli	3	0	0
Hlíðarskóli	16	0	0
Hríseyjarskóli	13	1	7,7%
Lundarskóli	492	29	5,9%
Naustaskóli	399	39	9,8%
Oddeyrarskóli	192	45	23,4%
Síðuskóli	374	33	8,8%
Samtals	2716	231	8,5%

Könnun send rafrænt til þeirra foreldra sem fluttu til landsins/Akureyrar við upphaf skólaárs 2018-2019

Ágætu foreldrar! Þið eigið barn/börn sem fluttu frá heimalandi sínu til Akureyrar haustið 2018 og byrjuðu í grunnskóla. Mig langar til að biðja ykkur um að svara nokkrum spurningum um hvernig ykkur fundust móttökurnar í skólum barna ykkar og hvernig þessi fyrsti vetur hefur gengið. Þið svarið ekki með nafni en með svörum ykkar fáum við mikilvægar upplýsingar um hvort við séum á réttri leið með móttöku erlendra nemenda og hvað við getum gert betur. Það má skrifa athugasemdir/ábendingar bæði á ensku og pólsku.

Ég þakka ykkur og börnunum ykkar fyrir ánægjulegt samstarf í vetur og vona að þið hafið það gott í sumar.

Bestu kveðjur,
Helga

Hvernig var tekið á móti ykkur og börnum ykkar við upphaf skólagöngu í haust?

mjög vel

vel

hvorki vel né illa

frekar illa

mjög illa

Við fengum allar upplýsingar sem við þurftum um skólastarfið þegar við komum í haust.

mjög sammála

frekar sammála

hvorki sammála né ósammála

frekar ósammála

mjög ósammála

Við höfum fengið þá tulkapjónustu sem við höfum þurft á að halda.

mjög sammála

frekar sammála

frekar ósammála

mjög ósammála

Tungumálaerfiðleikar hafa truflað samskipti okkar við kennara og skóla

Mjög mikið

Frekar mikið

Frekar lítið

Mjög lítið

Mér/okkur finnst samskipti við skóla/umsjónarkennara vera:

Of mikil

Passlega mikil

Of lítil

Hvernig líður barninu /börnunum þínum í skólanum?

mjög vel

frekar vel

hvorki vel né illa

frekar illa

mjög illa

Finnst mér barnið þitt/börnin þín hafa fengið þá aðstoð sem þau hafa þurft á að halda?

Þau hafa fengið góða aðstoð

Þau hafa fengið nokkuð góða aðstoð

Þau hafa fengið litla aðstoð

Þau hafa enga aðstoð fengið

Á barnið/börnin félagar sem þau umgangast utan skólatíma?

þau hitta oft félagar eftir skóla

þau hitta stundum félagar eftir skóla

þau hitta aldrei félagar eftir skóla

Ábendingar um það sem við getum gert betur

Það sem við erum sérstaklega ánægð með

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

Starfsdagur kennsluráðgjafa 2019

Hvar?	Á Akureyri
Hvenær?	Föstudaginn 29. mars
Annað á döfinni:	Vorráðstefna MSHA laugardaginn 30. mars



Dagskrá:

- Kl. 9:00** Sameiginlegur mætingastaður við Hótel KEA / neðst við kirkjutröppurnar
- Kl. 9:15** Heimsókn í Rósenborg, sem er gamli Barnaskólinn á Akureyri. Þar fáum við kynningu á *skólasmiðjunni*, sem er úrræði fyrir nemendur unglíngastígs sem eru ekki að mæta í skóla. Alfa Aradóttir.
- Kl. 10:15** Ferð í Hlíðarskóla, sem er sérskóli utan Akureyrar.
- Kl. 10:30** Kaffi og kynning á Hlíðarskóla og starfinu þar. Bryndís Valgarðsdóttir, skólastjóri.
- Kl. 11:30** Aðalfundur félagsins
- Kl. 12:30** Farið til baka í bæinn. Hádegisverður.
- Kl. 13:30** Heimsókn í Oddeyrarskóla. Skólinn skoðaður og þuríður Lilja Rósenbergsdóttir, náms- og starfsráðgjafi kynnir okkur DAM verkefnið
- 14:30** Fræðslusvið Akureyrar
Til umhugsunar: Helga Hauksdóttir segir frá ráðstefnu í Malmö um unga innflytendur
Vinna með foreldrum í gegnum PMTO. Dalrós Halldórsdóttir
Áherslur fræðslusviðs Akureyrar. Karl Frímansson, sviðsstjóri.
- Kl. 15:30** Lok starfsdags.

Stóra upplestrarkeppnin, 20. mars 2019

Saga um hvernig ljóðið sem Ibrahim flutti varð til:

Í Írak var Abu Jafar kalíf fyrir langa löngu, eða um 750. Hann hafði mjög gott minni og mundi öll ljóð eftir að hafa heyrt þau einu sinni. Hann ákvað að efna til ljóðasamkeppni um allt ríki sitt og hvatti skáld til að koma með ljóð sem hann hefði aldrei heyrt áður. Verðlaunin fyrir besta ljóðið sem kalífinn hafði aldrei heyrt áður áttu að vera þyngd blaðsins sem ljóðið var skrifað á, í gulli.

Mörg skáld ákváðu að reyna að vinna verðlaunin og sömdu ljóð. En kalífinn var svo minnugur að hann gat farið með öll ljóðin aftur og sagðist hafa heyrt þau öll áður.

Skáldin söfnuðust saman fyrir utan húsið og ræddu um að það gæti bara ekki verið að kalífinn kynni öll ljóðin sem þau voru nýbúin að semja.

Þá kom Al-Asmai sem var frægt skáld, málfræðingur og heimspekingur. Hann dulbjó sig og gekk inn í höllina og flutti ljóð sem var fullt af tungubrjótum og sjaldgæfum orðum sem erfitt var að bera fram. Kalífinn játaði sig sigraðan og gat ekki lært ljóðið. Hann ætlaði að borga verðlaunin og spurði um blaðið sem ljóðið hefði verið skrifað á. Þá svaraði Al Asmai að hann hefði skrifað ljóðið á marmaraplötu. Hann sagðist ekki þurfa verðlaunin en í staðinn lét hann kalífinn lofa að hann skyldi alltaf borga skáldunum laun, þegar þau færðu honum ný ljóð.

Tengill á söguna alla, á ensku: <https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2019/03/Voice-of-a-Nightingale.pdf>